

Alþingi
Erindi nr. P 141/1737
komudagur 24.2.2013



Til nefndasviðs alþingis

Athugasemd við Þingskjal 968 — 570. mál.

Akureyri 23. febrúar 2013

Undirritaður vill fyrir hönd Landssambands sjóstangaveiðifélaga koma með athugasemdir varðandi 24. grein frumvarps til laga um stjórn fiskveiða (Þingskjal 968 — 570. mál), en sú grein fjallar m.a. ráðstöfun aflamarks til tiltekins fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta.

Opinber sjóstangaveiðimót á vegum áhugamannafélaga hafa verið haldin hér á landi í áratugi. Nú eru starfandi hér á landi átta sjóstangaveiðifélög sem mynda með sér sameiginlegan vettvang, Landssamband sjóstangaveiðifélaga. Félögin eru dreifð um landið og starfa í Reykjavík, Akranesi, Ólafsvík Ísafirði, Siglufirði Akureyri, Neskaupsstað og Vestmannaeyjum.

Sjóstangaveiðin sem meðlimir þessara félaga stunda er hein áhugamannaíþrótt og hafa meðlimir þriggja þessara félaga hafa stundað þessa íþrótt í yfir 50 ár.

Gott samstarf hefur verið á milli ráðuneytisins og Landssambandsins og hefur sambandið fyrir hönd félaganna árlega fengið leyfi ráðuneytisins til að halda sjóstangaveiðimót og fá félögin að fénýta aflann til að standa straum af kostnaði við mótin. Hvert mót er liður í íslandsmeistarakeppni og fara mótin fram eftir ákveðnum reglum sem Landsambandið heldur utan um. Á mótunum fer fram innbyrðis keppni af ýmsu tagi s.s. hver veiðir flestar tegundir, stærstu fiska í hverri tegund, hver er með mestan afla o.sv frv. Að loknum mótum aðildarfélaganna eru krýndir árlega íslandsmeistarar í hinum ýmsu flokkum sjóstangaveiði íþróttarinnar. Fiskistofa hefur haft eftirlit með að allt fari fram samkvæmt þeim leikreglum sem hún setur. Hefur það samstarf gengið mjög vel.

Eins og nefnt er að ofan hafa félögin haft heimild að fénýta veiddan afla til að standa undir kostnaði við að halda mótin. Mótin eru haldin á fyrirfram ákveðnum tíma fyrir hvert félag. Fjölmargin kostnaðarliðir eru kringum rekstur mótanna en þeirra stærstir eru olíukostnaður og annar kostnaður tengdur bátaleigu til að flytja keppendur á miðin. Öll vinna félaganna kringum mótin er sjálfboðavinna. Veiði er mjög mismunandi og sum mót hafa verið rekin með tapi á meðan einstaka mót hafa gert meir en að standa undir kostnaði. Ef hagnaður hefur komið upp er hann fluttur milli ára til að mæta tapi næsta árs. Algengast hefur verið að þetta jafnist út hjá félögunum en sum félög hafa lent í erfiðleikum vegna þess að aflaverðmæti nokkur ár í röð hefur ekki dugað fyrir mótskostnaði.

Í 24. gr frumvarps til laga um stjórn fiskveiða segir “Heimilt er að ráðstafa aflamarki til tiltekins fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta enda komi leigugjald fyrir er taki mið af meðalleiguverði síðastliðna sex mánuði fyrir viðkomandi tegund.” Hér er lögð til mjög afdrifarík breyting frá þeirri venju sem tíðkast hefur. Ef íþróttinni verður gert að greiða leigugjald eins og lagt er til mun það gera mótin óframkvæmanleg. Ástæður eru nokkrar og vil ég þar fyrst nefna að fiskurinn sem aflast á mótunum er alltaf seldur á markaði. Verðið sem fæst fyrir hann fer eftir því framboði sem er á hverjum tíma. Það verð sem fæst getur því verið lægra eða hærra en það viðmiðunarverð sem frumvarpið leggur til að miðað verði við. Ef verðið reynist lægra situr félagið uppi með allan kostnað vegna mótshaldsins auk mismunar milli leiguverðs og söluverðs. Söluverð þarf því að vera það miklu hærra en leiguverð að það standi undir bæði leiguverði og kostnaði við mótið. Slíkt myndi aldrei ganga upp og þessi íþrótt því lognast útaf.

Til að taka tillit til þeirra breytinga sem er að eiga sér stað varðandi stjórnun fiskveiða og um leið að bjarga tilvist þessara áratuga gömlu íþróttar leggur Landsambandið til að greiðsla fyrir það aflamark sem ráðstafað er til tiltekins fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta verði almennt veiðigjald en ekki leigugjald. Hugsanlegt er að leggja mætti s.k. sérstakt veiðigjald, ef svo vel aflast í móti að verulegur hagnaður verði af. Með þessari leið gætu mótin staðið undir sér og það væri síðan lagt á herðar mótshaldara, eins og verið hefur, að útfæra mótin þannig að þau standi undir sér. Þess má geta að þessi íþrótt nýtur engra annarra styrkja beint eða óbeint frá ríki eða sveitarfélögum eins og algengt er með aðrar íþróttagreinar.

Landsambandið vonast því til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem gerir þessari íþrótt keyft að lifa af og dafna í sátt og samlyndi við þá þróun sem er að eiga sér stað. Landssambandið telur mikilvægt að skýr greinarmunur sé gerður á áhugamannaíþrótt eins og hér er stunduð og atvinnurekstri.

Með vinsemd og virðingu

Stefán B. Sigurðsson
Formaður Landssambands sjóstangaveiðifélaga
Vaðlabrekka 5
601 Akureyri